

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2010

Efni:
Samgönguáætlun 2009 – 2012

Þskj. 973 – 582. mál. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009 – 2012.

4. Vegaáætlun.

4.1.6. Stofnkostnaður.

Annað en stofn- og tengivegir.

5. Reiðvegir.

Í tillögum til þingsályktunar samgönguáætlunar fyrir árin 2009 – 2012 er ætlaðar 60. m.kr. til reiðvega árið 2010 og 65. m.kr. fyrir 2011 og 2012 hvort ár. Á sl. ári 2009 voru 70. m.kr. varið til reiðvega og var það samkvæmt tillögum Samgönguráðs.

Landssamband hestamannafélaga gerir ekki athugasemdir við þær fjárhæðir sem liggja fyrir í tillögum að samgönguáætlun 2009 – 2012 þar sem aðstæður í þjóðfélaginu eru með þeim hætti að hestamenn gera ekki kröfur til frekara fjármagns.

Mörg undanfarin ár hafa umsóknir hestamannafélaganna í reiðvegafé numið upphæðum á bilinu 2 – 300. m.kr. bæði til nýbygginga og viðhalds eldri reiðvega. Afar mikilvægt er að reiðvegir og reiðleiðir séu greiðar og vel viðhaldið.

Landssamband hestamannafélaga bendir á að 18 – 20% tekna þjóðarbúsins af erlendum ferðamönnum er tilkominn vegna hestatengdrar ferðaþjónustu, sem þýðir að þessi grein ferðaþjónustunnar er að skapa þjóðarbúinu 25. – 30. ma. kr. á ári.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands hestamannafélaga

Halldór P. Halldórsson
Formaður Samgöngunefndar LH

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNIN Í LAUGARDAL ••• 104 REYKJAVÍK ••• KENNITALA 710169-3579
SÍMI 514 4030 ••• FAX 514 4031 ••• EMAIL lh@isisport.is ••• HEIMASÍÐA



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

<http://www.lhhestar.is>